

Solid Clouds hf.

Samandreginn árshlutareikningur 30. júní 2026

Solid Clouds hf.
Vegmúla 2
108 Reykjavík

Kt. 600913-2550

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Rekstrarreikningur 1. janúar til 30. júní 2026	5
Efnahagsreikningur 30. júní 2026	6
Eiginfjárfirlit 30. júní 2026	7
Sjóðstreymisyfirlit tímabilið 1. janúar til 30. júní 2026	8
Skýringar	9

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Samandreginn árshlutareikningur Solid Clouds hf. ("félagið") fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2026 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Félagið var stofnað árið 2013 og er tilgangur þess framleiðsla og markaðssetning fjölspilunarleikja.

Árshlutareikningurinn hefur hvorki verið endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum félagsins.

Rekstur og fjárhagsleg staða

Rekstrartekjur félagsins á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2026 námu 36,9 millj. kr. Tap tímabilsins nam 122,1 millj. kr. Heildareignir í lok júní 2026 námu 1.325,9 millj. kr. og eigið fé 1.181,2 millj. kr. Starfsmenn voru 11 á tímabilinu.

Solid Clouds hf. gaf út tvö breytanleg skuldabréf á fyrri helmingi ársins að höfuðstólsfjárhæð 33,7 millj. kr. og 100 millj. kr. bæði með breytigengi 1. Bréfin báru 25% ársvexti. Seinna skuldabréfið var nýtt til að uppgreiða það fyrra.

Handbært fé Solid Clouds hf. í lok júní 2026 nam 9,8 millj. kr. en auk þess gerir félagið ráð fyrir að fá um 109,0 millj. kr. endurgreiðslu frá Rannís vegna rannsóknar- og þróunarkostnaðar í byrjun nóvember 2026. Endurgreiðslur frá Rannís eru færðar til lækkunar á eignfærðum þróunarkostnaði við útgreiðslu.

Hluthafar

Hluthafar í lok júní 2026 voru 1.567 en þeir voru 1.614 í ársbyrjun og hefur því fækkað um 47 á tímabilinu. Eftirtaldir eru tíu stærstu hluthafar í lok júní 2026:

	Eignarhluti
1961 ehf	18,5%
Festa - lífeyrissjóður	10,9%
Birta - lífeyrissjóður	7,0%
Fea ehf	5,3%
Almenni-Lífsværk lífeyrissjóður	4,8%
Stefán Þór Björnsson	4,5%
Stefán Gunnarsson	3,9%
Íslandsbanki hf, safnskráning	2,8%
Kjölur fjárfestingarfélag ehf	2,6%
Eggert Árni Gíslason	1,6%
Aðrir hluthafar	38,1%
	100,0%

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Árshlutareikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu félagsins fyrir tímabilið frá 1. janúar til 30. júní 2026 á eignum, skuldum og fjárhagsstöðu þess 30. júní 2026 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2026.

Jafnframt er það álit okkar að samandregni árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af rekstri félagsins á fyrri árshelmingi 2026, efnahag þess í lok júní 2026 og fjárhagslegri þróun félagsins á tímabilinu í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur.

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.:

Stjórn og framkvæmdastjóri Solid Clouds hf. hafa í dag farið yfir árshlutareikning félagsins fyrir fyrri árshelming 2026 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 31. ágúst 2026

Stjórn:

Eggert Árni Gíslason
Davíð Gunnarsson
Bergþóra Halldórsdóttir
Andrea Olsen
Skúli Skúlason

Framkvæmdastjóri:

Egill Sigurjónsson

Rekstrarreikningur 1. janúar til 30. júní 2026

	Skýr.	2026 1.1.-30.6.	2025 1.1.-30.6.
Rekstrartekjur			
Tekjur af leik	4	36.932	74.197
Innheimtukostnaður vegna tekna af leik		(6.061)	(13.424)
		<u>30.871</u>	<u>60.773</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld		5.344	9.412
Kostnaður við leikjahönnun	5	1.688	3.494
Kostnaður við auglýsingar		48.443	80.848
Annar rekstrarkostnaður	6	24.168	13.033
Afskriftir	8	69.564	64.258
		<u>149.208</u>	<u>171.045</u>
Rekstartap		(118.336)	(110.272)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur		357	411
Vaxtagjöld		(3.538)	(16.255)
Gengismunur		(625)	(992)
		<u>(3.806)</u>	<u>(16.836)</u>
Tap fyrir tekjuskatt		(122.143)	(127.108)
Tekjuskattur		<u>0</u>	<u>0</u>
Tap og heildarafkoma ársins		<u>(122.143)</u>	<u>(127.108)</u>

Skýringar á blaðsíðum 9 - 12 eru óaðskiljanlegur hluti af þessum árshlutareikningi.

Efnahagsreikningur 30. júní 2026

	Skýr.	30.6.2026	31.12.2025
Eignir			
Þróunarkostnaður	9	1.191.955	1.240.371
Leigugeign	10	3.439	6.231
Fastafjármunir		1.195.395	1.246.602
Viðskiptakröfur		5.963	6.981
Aðrar skammtímakröfur		114.795	6.540
Handbært fé		9.790	101.041
Veltufjármunir		130.548	114.562
Eignir samtals		1.325.943	1.361.164
Eigið fé			
Hlutfé		143.409	717.044
Bundið eigið fé vegna þróunarkostnaðar		1.191.955	1.240.371
Kaupréttarsamningar		813	25.805
Ójafnað eigið fé		(154.946)	(680.660)
Eigið fé		1.181.230	1.302.561
Skuldir			
Skuldabréfalán við tengdan aðila	12	102.209	0
Langtímaskuldir		102.209	0
Leiguskuldir	10	3.549	6.259
Viðskiptaskuldir		13.134	14.592
Aðrar skammtímaskuldir	11	25.820	37.753
Skammtímaskuldir		42.503	58.603
Skuldir samtals		144.712	58.603
Eigið fé og skuldir samtals		1.325.943	1.361.164

Skýringar á blaðsíðum 9 - 12 eru óaðskiljanlegur hluti af þessum árshlutareikningi.

Eiginfjáryfirlit 30. júní 2026

	Hlutfé	Yfirverðsr hlutafjár	Bundið eigið fé	Kaupréttar- samningar	Ójafnað eigið fé	Eigið fé samtals
Eigið fé 1.1. til 30.6. 2026						
Eigið fé 1.1.2026	717.044	0	1.240.371	25.805	(680.659)	1.302.561
Hlutafjárlækkun til jöfnunar taps ... (573.635)					573.635	0
Tap ársins					(122.143)	(122.143)
Binding eigin fjár		(48.416)			48.416	0
Kaupréttarsamningar				(24.993)	25.805	812
Eigið fé 30.6.2026	143.409	0	1.191.955	812	(154.946)	1.181.230
Eigið fé 1.1. til 30.06.2025						
Eigið fé 1.1.2025	331.800	129.436	1.134.825	20.861	(544.139)	1.072.783
Skuldabréf breytt í hlutfé	184.637					184.637
Innborgað hlutfé	200.607	100.304				300.911
Kostnaður við hæk. hlutafj.		(14.426)				(14.426)
Tap ársins					(127.108)	(127.108)
Binding eigin fjár			7.039		(7.039)	0
Kaupréttarsamningar				2.363		2.363
Eigið fé 30.06.2025	717.044	215.314	1.141.864	23.224	(678.286)	1.419.160

Skýringar á blaðsíðum 9 - 12 eru óaðskiljanlegur hluti af þessum árshlutareikningi.

Sjóðstreymisyfirlit tímabilið 1. janúar til 30. júní 2026

	Skýr.	2026 1.1.-30.6.	2025 1.1.-30.6.
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrartap	(	118.336)	(110.272)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Gjaldfærsla kaupréttarsamninga		812	2.363
Afskriftir þróunarkostnaðar og leigueigna	8	69.564	64.258
Veltufé til rekstrar	(	47.961)	(43.651)
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Skammtíma kröfur, lækkun		1.803	11.014
Skammtímaskuldir, lækkun	(	13.390)	(15.515)
Breytingar rekstartengdra eigna og skulda	(	11.587)	(4.501)
Vaxtatekjur		357	411
Vaxtagjöld	(	52)	(16.255)
Handbært fé til rekstrar	(	59.243)	(63.996)
Fjárfestingarhreyfingar			
Eignfærður þróunarkostnaður	9	(127.255)	(207.747)
Styrkir færðir til lækunar á þróunarkostnaði		0	3.606
Fjárfestingarhreyfingar	(	127.255)	(204.141)
Fjármögnunarhreyfingar			
Innborgað hlutafé að frádrægun kostnaði við hlutafjárútböð		0	471.122
Skuldabréfalán frá tengdum aðilum		98.981	(43.333)
Afborgun af leiguskuld	(	3.109)	(2.513)
Fjármögnunarhreyfingar		95.872	425.276
(Lækkun) hækkun á handbæru fé	(	90.626)	157.138
Handbært fé í ársbyrjun		101.041	14.035
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	(	625)	(992)
Handbært fé í lok tímabilsins		9.790	170.182

Skýringar á blaðsíðum 9 - 12 eru óaðskiljanlegur hluti af þessum árshlutareikningi.

Skýringar

1. Félagið

Solid Clouds hf. („Félagið“) er íslenskt hlutafélag og er lögheimili þess að Vegmúla 2 í Reykjavík. Starfsemi félagsins felst í vinnu við upplýsingatækni, hugbúnaðarþróun og gerð og markaðssetningu tölvuleikja.

Reikningsskilaaðferðir

2. Grundvöllur reikningsskilanna

a. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Árshlutareikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Samandreginn árshlutareikningur Solid Clouds hf. inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa árshlutareikninginn í samhengi við ársreikning félagsins fyrir árið 2025.

Árshlutareikningurinn var samþykktur af stjórn félagsins 31. ágúst 2026.

b. Mat og ákvarðanir

Gerð árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og þeim framtíðartímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

Við ákvörðun gangvirðis er byggt á forsendum sem háðar eru mati stjórnenda á þróun ýmissa þátta í framtíðinni. Raunverulegt söluverð eigna og uppgreiðsluverðmæti skulda kann að vera frábrugðið þessu mati. Mat stjórnenda hefur mest áhrif í tengslum við ákvörðun um eignfærslu þróunarkostnaðar og við mati á eignfærslu skattseignar. Í skýringu 9 eru nánari upplýsingar er varða eignfærslu þróunarkostnaðar.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings félagsins fyrir árið 2025, en ársreikning félagsins er hægt að nálgast á vef félagsins www.solidclouds.is.

Árshlutareikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins og eru fjárhæðir birtar í þúsundum nema annað sé tekið fram. Hann er gerður á grundvelli kostnaðarverðs, að öðru leyti en því að kaupréttarsamningar sem metnir eru á gangvirði við úthlutun þeirra.

Skýringar, frh.:

4. Landfræðileg skipting tekna félagsins

Eftirfarandi tafla sýnir skiptingu tekna af sölu tölvuleikja félagsins í mismunandi löndum m.v. 15 stærstu lönd á fyrstu sex mánuðum ársins 2026 samanborið við fyrstu sex mánuði 2025:

	1.1.2026-30.6.2026		1.1.2025-30.06.2025	
	Sala í þús. kr.	Hlutfall af sölu	Sala í þús. kr.	Hlutfall af sölu
Bandaríkin	15.800	42,78%	23.379	31,51%
Þýskaland	5.249	14,21%	7.182	9,68%
Bretland	3.050	8,26%	4.200	5,66%
Kanada	2.184	5,91%	2.078	2,80%
Ástralía	1.656	4,48%	3.955	5,33%
Pólland	728	1,97%	1.239	1,67%
Suður-Kórea	573	1,55%	2.048	2,76%
Ítalía	556	1,51%	1.373	1,85%
Frakkland	491	1,33%	2.137	2,88%
Ungverjaland	433	1,17%	0	0,00%
Rúmenía	322	0,87%	2.115	2,85%
Tyrkland	228	0,62%	0	0,00%
Filipseyjar	202	0,55%	0	0,00%
Spánn	167	0,45%	0	0,00%
Mexíkó	155	0,42%	0	0,00%
93 / 47 önnur lönd	5.138	13,91%	24.491	33,01%
Tekjur af leik alls	36.932	100,00%	74.197	100,00%

5. Kostnaður við leikjahönnun

Kostnaður við leikjahönnun í rekstrarreikningi sundurliðast þannig:

	2026 1.1.-30.6.	2025 1.1.-30.6.
Kostnaður við leikjahönnun	33.759	61.820
Eignfærður þróunarkostnaður vegna kostnaður við leikjahönnun	(32.071)	(58.326)
Kostnaður við leikjahönnun í rekstrarreikningi	1.688	3.494

6. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður í rekstrarreikningi sundurliðast þannig:

Annar rekstrarkostnaður	33.249	28.527
Eignfærður þróunarkostnaður vegna annars rekstrarkostnaðar	(9.081)	(15.494)
Annar rekstrarkostnaður í rekstrarreikningi	24.168	13.033

Kostnaður vegna auglýsinga er sérgreindur í rekstrarreikningi og er því ekki hluti af öðrum rekstrarkostnaði hér að ofan. Kostnaður vegna auglýsinga er ekki eignfærður á meðal þróunarkostnaðar og er því gjaldfærður í rekstrarreikningi félagsins.

Skýringar, frh.:

7. Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostn. fyrstu sex mán. 2026 sundurliðast þannig:

	Eignfærður kostnaður	Gjaldfærður kostnaður	Heildarkostn.
Laun og launatengd gjöld	86.103	5.344	91.447
Kostnaður við leikjahönnun	32.071	1.688	33.759
Kostnaður við auglýsingar	0	48.443	48.443
Annar rekstrarkostnaður	9.081	24.168	33.249
Rekstrarkostnaður alls 1.1.-30.6.2026	127.255	79.644	206.898

Rekstrarkostn. fyrstu sex mán. 2025 sundurliðast þannig:

	Eignfærður kostnaður	Gjaldfærður kostnaður	Heildarkostn.
Laun og launatengd gjöld	133.927	9.412	143.339
Kostnaður við leikjahönnun	58.326	3.494	61.820
Kostnaður við auglýsingar	0	80.848	80.848
Annar rekstrarkostnaður	15.494	13.033	28.527
Rekstrarkostnaður alls 1. 1. - 30.6.2025	207.747	106.787	314.534

8. Afskriftir

Í rekstrarreikningi sundurliðast afskriftir þannig:

	2026 1.1.-30.6.	2025 1.1.-30.6.
Afskrift þróunarkostnaðar sbr. skýringu 9	66.631	61.704
Afskrift leigueigna sbr. skýringu 10	2.933	2.554
Afskriftir þróunarkostnaðar og leigueigna skv. rekstrarreikningi	69.564	64.258

9. Óefnislegar eignir

Þróunarkostnaður félagsins byggir á framleiðslu á fjölspilunarleikjum og tæknigrunni sem hægt er að beita til að gera slíka leiki fyrir alþjóðamarkað. Framleiðsla slíkra leikja er almennt flókin, tímafrek og dýr. Það er mat stjórnenda að eignfærsla þróunarkostnaðar uppfylli allar kröfur alþjóðlegra reikningsskilastaðla um eignfærslu þróunarkostnaðar.

Þróunarkostnaður er afskrifaður yfir áætlaðan nýtingartíma hvers þróunarverkefnis. Nýtingartíminn er metin frá 5 árum til 20 ára.

Þróunarkostnaður og afskriftir hans greinast þannig:

	2026 1.1.-30.6.	2025 1.1.-31.12.
Bókfært verð 1.1	1.240.371	1.134.825
Eignfærður þróunarkostnaður	127.255	372.427
Styrkir færðir til lækkunar á þróunarkostnaði	(109.040)	(139.617)
Afskrift þróunarkostnaðar á árinu	(66.631)	(127.266)
Bókfært verð í lok tímabils	1.191.955	1.240.371

Afskriftarhlutfall tæknigrunnur	5%	5%
Afskriftarhlutfall Sovereign Space leikur	20%	20%
Afskriftarhlutfall Frontiers leikur	10%	10%

Eignfærður þróunarkostnaður í sundurliðast þannig:

Eignfærður kostnaður við leikjahönnun, sjá skýringu 5	32.071	100.625
Eignfærð laun og launatengd gjöld, sjá skýringu 7	86.103	232.675
Eignfærður annar rekstrarkostnaður, sjá skýringu 6	9.081	39.127
Eignfærður þróunarkostnaður alls	127.255	372.427
Styrkir færðir til lækkunar á þróunarkostnaði	(109.040)	(139.618)
Eignfærður þróunarkostn., nettó af mótteknum styrkjum	18.215	232.809

Skýringar, frh.:

10. Leigugeignir og leiguskuldir

Leigugeignir og leiguskuldir í efnahagsreikningi greinast þannig:

	2026	2025
	1.1.-30.6.	1.1.-31.12.
<i>Leigugeignir</i>		
Leigugeign 1.1	6.231	4.741
Breyting leigugeigna á árinu	141	7.448
Afskrift leigugeigna á árnun	(2.933)	(5.958)
Leigugeign í lok tímabils	3.439	6.231
<i>Leiguskuldir</i>		
Skammtímaskuldir	3.549	6.259
Leiguskuldir samtals	3.549	6.259

Í árslok 2025 gerði félagið leigusamning um núverandi skrifstofuhúsnæði. Samningurinn gildir til loka janúar 2027. Leiguverð er verðtryggt skv. byggingarvísitölu og eru greiðslur inntar af hendi mánaðarlega. Leigukostnaður telst til gjalda og er færður í rekstrarreikning undir öðrum rekstrarkostnaði.

Í rekstrarreikningi eru eftirfarandi gjaldfærslur vegna leigusamninga:

Afskrift leigugeigna	2.933	5.958
Vaxtagjöld	258	57
Samtals gjaldfært vegna leigusamninga	3.191	6.015

Félagið hefur greitt 3,1 millj. kr. í húsaleigu á tímabilinu 1.1.-30.6.2026 (2025: 6,0 millj. kr.).

11. Aðrar skammtímaskuldir

Aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:

	2026	2025
	1.1.-30.6.	1.1.-31.12.
Ógreidd laun og launatengd gjöld	25.798	37.730
Ógreitt útlagsgjöld	22	22
Aðrar skammtímaskuldir samtals	25.820	37.753

12. Tengdir aðilar

a. Skilgreining

Hluthafar, stjórnarmenn og stjórnendur og nánir fjölskyldumeðlimir þeirra og félög sem þeir ráða yfir teljast til tengdra aðila félagsins.

b. Viðskipti við tengda aðila og lykilstjórnendur

Félagið fékk skuldabréfalán með breytirétti að fjárhæð 100 millj. kr. hjá tengdum aðilum í ársbyrjun 2026. Lánið ber 25% vexti. Engin önnur viðskipti voru við tengda aðila á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2026.

Viðskiptastöður við tengda aðila:

	2026	2025
	1.1.-30.6.	1.1.-31.12.
Skuldir við tengda aðila í árslok	102.209	0